

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 12. mars 2021  
Mnr. 2021020102



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs dags. 12. mars 2021

Bæjarstjórn samþykkti á fundi nr. 444 þann 24.10.2019 að fella niður gatnagerðargjöld tímabundið af nýbyggingu íbúðarhúsnaðis, á lóðum við þegar tilbúna götur í sveitafélaginu þar sem ekki þyrfti að leggja í frekari kostnað. Lækkunin var gerð á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar sem hægt var að veita skv. 6. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 153/2006

Ákvæði þetta tók gildi eftir samþykkt þess í bæjarstjórn til og með 1. nóvember 2020

Lóðir við Hrauntungu 1 og 3 eru samtals um 1507 fm. Nýtingarhlutfall 0,4

Hámarksbyggingarmagn er 603 fm.

Gatnagerðargjöld af lóðunum eru samtals 9.367.605 kr.

Lóðir við Hrauntungu 1 og 3 eru við þegar tilbúna götu þ.e. lagnir komnar í götu ásamt því að gatan er malbikuð.

Lagt er til við bæjarráð/bæjarstjórn að taka afstöðu til þess hvort framlengja eigi í bókun bæjarstjórnar frá fundi nr. 444 frá því 24.10.2019